



Alþingi  
Erindi nr. P 139/307S  
komudagur 5.9.2011

## ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Ísafjörður, 05.09.2011  
2011070027 PP

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 839. mál.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 1. september sl., var á dagskrá frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppboð aflaheimilda), 893. mál. Málið barst Ísafjarðarbæ með bréfi dagsettu þann 20. júní sl., en náði ekki inn á síðasta fund bæjarstjórnar fyrir sumarleyfi, sem var þann 23. júní sl. og er því svarað fyrst nú.

Við umræður á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar voru lagðar fram neðangreindar bókanir.

*Eiríkur Finnur Greipsson lagði fram svohljóðandi bókun D-lista undir XIV. lið dagskrár.*

*„Það er eðlilegt að fram komi frumvarp frá Hreyfingunni í þeirri upplausn sem nú ríkir við endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða. Það sem skiptir mál í þessu sambandi er að ná þarf sátt meðal þjóðarinnar, sátt sem hlýtur m.a. að taka til hagsmuna sjávarbyggða um allt land, enda eru það þjóðhagslegir hagsmunir. Umrætt frumvarp leysir ekki öll vandamál sem tengjast stjórn fiskveiða, en þar koma fram jákvæð atriði sem taka þarf tillit til við endurskoðun laganna.*

*Á síðasta þingi lagði núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp um stjórn fiskveiða, sem hefur verið metið af ýmsum og hjá flestum fengið algera falleinkunn, enda ekki einu sinni með fylgi allra þingmanna sem styðja ríkisstjórnina. Engar líkur eru á að það frumvarp geti orðið grundvöllur sáttar með þjóðinni.*

*Í umræðunni um endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða á liðnum misserum hefur berlega komið í ljós að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur nær ekki saman um breytingar á málaflökknum og litlar líkur virðast á að svo verði á næstunni.*

*Fyrst og fremst er brýnt að binda enda á þá óvissu sem sveitarfélög, fyrirtæki og starfsfólk í sjávarútvegi hefur búið við. Ná þarf sátt um stjórn fiskveiða, sem verður að byggja á viðtækri samvinnu og sameiginlegri niðurstöðu, en hún næst ekki í skjóli styrks einstakra hagsmunaaðila eða pólitískra aflu. Grundvallar ábyrgð ríkisstjórnarinnar felst í því að ná slíkri sátt.“*

*Bókunin er undirrituð af Eiríki Finni Greipssyni, Gísla H. Halldórssyni, Guðfinnu Hreiðarsdóttur og Kristínu Hálfhánsdóttur.*

Sigurður Pétursson lagði fram svohljóðandi bókun Í-lista undir XIV. lið dagskrár.

„Bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ taka undir meginsjónarmið í umsögn Sigurðar Hreinssonar fulltrúa í atvinnumálanefnd sem fram koma í bókun hans á fundi nefndarinnar 9. ágúst um afstöðu til stjórnar fiskveiða.

Sérstaklega tókum við undir það sjónarmið að sjálfstætt mat fari fram á fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar og þeim rannsóknum sem liggja þar að baki.

Framtíðarskipan fiskveiða er stærsta verkefni sem alþingi stendur nú frammi fyrir. Frumvarp núverandi stjórnarflokka og frumvarp þingmanna Hreyfingarinnar er markvert framlag til þeirrar endurskoðunar sem nauðsynleg er á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Mikilvægt er að nýtt og endurbætt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða sjái dagsins ljós strax í byrjun nýs þings, til gagns og góða fyrir framtíð þjóðarinnar allrar. Mikilvægast af öllu er að nýskipan fiskveiðistjórnunar verði gerð í sátt við þjóðina fremur en að þjóna kröfum einstakra hagsmunaaðila. Jafnræði og réttlæti verða að vera leiðarstef í nýrri lagasetningu.

Nokkur atriði má nefna í því sambandi:

- Taka þarf af allan vafa um eignarhald þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni og þar með setja skorður við framsali og veðsetningu óveidds fisks, líkt og gert er í frumvarpi Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá.


- Nýtingarsamningar verði gerðir um veiðar á fiskistofnum sem lúta takmörkunum. Samningarnir verði tímabundnir og tekjur af þeim renni í auðlindasjóð til eflingar byggðar í landinu.

- Styrkja þarf strandveiðar í sessi sem mikilvægt skref í tilliti til atvinnuréttar.

- Jafna þarf aðgang fiskvinnslunnar í landinu að öllum lönduðum aflu.“

Bókunin undirrituð af Sigurði Péturssyni, Örnú Láru Jónsdóttur, Jónu Benedikts-dóttur og Kristjáni Andra Guðjónssyni.

Virðingarfyllst,



Daníel Jakobsson

- bæjarstjóri -

Afrit sent á netfangið  
nefnasvid@althingi.is;